

**Bókun óbyggðanefndar um leiðrétt úrskurðarkort í máli nr. 1/2005,
Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal,
á nefndarfundum 8. desember 2023.**

Upplýst var að við málsmeðferð sérstakrar óbyggðanefndar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga hefðu í máli nr. 1/2023 komið fram upplýsingar um hnitsetta staðsetningu merkjavarða á Miðheiðarhálsi á Fljótsdalsheiði sem þjóðlendumörk samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005 miðuðust við og einnig kröfur aðila í máli nr. 1/2023, en upplýsingarnar gæfu tilefni til að meta hvort þjóðlendulína hefði verið rétt dregin á úrskurðarkort á sínum tíma.

Nefndin fór yfir málið og komst að þeirri niðurstöðu að misræmi væri milli úrskurðarorða og úrskurðarkorts í máli nr. 1/2005. Ljóst þótti að vísun til „merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi“ í úrskurðarorðum máls nr. 1/2005 ætti við innri merkjavörðuna af tveimur með hliðsjón af kröfugerð ríkisins í málinu þar sem vísað hafði verið til þeirrar vörðu en í úrskurðinum sagði að kröfulína ríkisins væri lögð til grundvallar afmörkun viðkomandi hluta þjóðlendunnar. Á úrskurðarkorti hefði viðkomandi punktur hins vegar verið rangt staðsettur.

Samþykkt var að leiðrétta úrskurðarkortið að þessu leyti á grunni þeirra upplýsinga um hnitsetningu innri merkjavörðunnar sem borist höfðu, sbr. fylgiskjal. Jafnframt var niðurstaðan að ekki væri um efnislega breytingu að ræða, enda væru úrskurðarorð óbreytt og með fyrirvara um hnitsetningu.

Fylgiskjal

Þann 09.09.2005 var farið og tekin hnit á landamerki milli Skriðuklausturs, Hamborgar og Klaustursels (Stuðlafoss). Í ferðinni voru Aðalsteinn Jónsson eigandi Klaustursels, Hallgrímur Þórhallsson Brekku leigjandi Skriðuklausturs, Jón E. Kjerúlf Arnheiðarsstöðum einn eigenda Hamborgar og Þorvarður Ingimarsson Eyrarlandi.


Tekin voru hnit með tveimur GPS handtækjum til samanburðar.


Landamerkjasteinn merktur LM á landamerkjum Skriðuklausturs, Hamborgar og Klaustursels (Stuðlafoss) er norðan megin í miðheiði og við steininn er lítil grjóthrauk.

N 65 05 720	N 65 05 725
W 15 09 272	W 15 09 275
Skekkj +/- 5m	Skekkja +/- 8m

Landamerkjasteinn merktur LM á landamerkjum Skriðuklausturs og Klaustursels er í u.þ.b. 850m fjarlægð frá þeim fyrri í NW átt og í grjóthrauk.

N 65 05 490	N 65 05 489
W 15 10 205	W 15 10 206
Skekkj +/- 6m	Skekkja +/- 6m



Aðalsteinn Jónsson 121052-4079


Jón E. Kjerúlf 311032-3489

Hallgrímur Þórhallsson 080260-4669

Í Eyvindarkeldu eru landamerki milli Skriðuklausturs og Hamborgar. Eyvindarkelda er í heiðarbrúninni, utan og neðan við Bóndabrekku.

N 65 03 415
W 14 58 633
Skekkja +/- 7m


Jón E. Kjerúlf 311032-3489

Hallgrímur Þórhallsson 080260-4669

Vitundarvottur að þessum gjörningi er